

2. DKG-fundur vetrarins haldinn í Þjórsárskóla í Skeiða-og Gnúpverjahreppi 7. nóvember 2016.

Gestur fundarins: Guðbjörg Sveinsdóttir frá Þetadeild, fyrrverandi forseti DKG.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.
2. Guðbjörg fyrrverandi forseti DKG fór yfir markmið, tilgang og sögu félagsins frá upphafi. Hún útskýrði vel uppbyggingu og tilgang starfsins og hvernig innviðin eru hugsuð og hvernig þau eiga að virka innan félagsins. Þá hvatti hún konur til að kynna sér markmið félagsins og að nauðsynlegt væri að rifja þau reglulega upp. Hún ræddi einnig mikilvægi þess að fara vel eftir þeim reglum og því regluverki sem sett er utan um félagið. Einnig fór hún yfir það hvernig stjórnir deilda eiga að starfa og hvernig hægt sé að velja í þær. T.d. er góð regla að þarsíðasta stjórn komi með tillögu að þeirri nýjustu (e.k. uppstillinganefnd). Hún ræddi líka um hlutverk og skyldur stjórnarinnar og að unnið væri eftir áveðnum reglum. Þá lagði hún ríka áherslu á að halda áveðnu og föstu fyrirkomulagi fundanna og gerði hún uppbyggingu fundanna að umtalsefni. Hún fór yfir þá þætti sem eiga að vera í heiðri hafðir á hverjum fundi s.s. formaður setji fund, kertin kveikt, nafnakall viðhaft, fundargerð síðasta fundar lesin, sömuleiðis markmiðin (a.m.k.stundum), orð til umhugsunar, skýrslur/fréttir, önnur dagskrá/fyrirlestur eða fræðsla, slökkt á kertum og fundi slitið. Hægt er að halda svo áfram á óformlegum nótum eftir það. Þá fór hún yfir það hverjir mættu setja fundina, en það eru allir virkir félagar, fyrirlesari og gestir úr öðrum deildum. Félagsmenn mega ekki koma með gesti á fundina. Að lokum fór hún yfir það hvernig inntaka nýrra félaga væri háttað og að mikilvægt væri að fara eftir því regluverki. Þá benti hún á að gott væri að huga að breiddinni og að konur komi úr mismunandi fræðslustörfum þegar bjóða á nýjum konum í samtökin. Oft er gott að bjóða nokkrum konum inngöngu í einu.
3. Þá var nafnakall og las Ingibjörg formaður upp nöfnin og bað fyrir kveðjur. Hún ræddi um að mikilvægt væri að ná í allar félagskonur fyrir hvern fund og að allar fengju fundarboðið. Eins væri nauðsynlegt að hver og ein gerði grein fyrir fjarveru sinni og svari póstum þar um.
4. Sigfríður ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
5. Orð til umhugsunar var á sínum stað og tók Ester Hjartardóttir þau að sér. Hún las upp úr spakmælabók þar sem talað var um mikilvægi hollra lífshátta og það sem skiptir máli.
6. Næsti fundur verður sennilegast á Eyrarbakka þann 5.desember nk./jólafundurinn okkar.
7. Dregið var úr happdrættinu okkar góða og hlaut Guðrún Þóranna vinningin.
8. Önnur mál: Elínborg Sigurðardóttir minnti félagskonur á mikilvægi þess að mæta á Landsambandþingið sem verður haldið á Akureyri 6.-7.maí í vor og ætlaði hún að taka frá 10 manna hús fyrir Epsilondeild til að gista í.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Að lokum var snædd dásemdar kjúklingasúpa og heimabakað brauð.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari